

BORGARRÁÐ 20. júní 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfslokasamninga - R18080131

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir skýringum á þeirri miklu hækkun sem hefur orðið á milli ára vegna starfslokasamninga. Þá er enn fremur spurt: Eru til einhver viðmið hjá Reykjavíkurborg hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að starfslokasamningar komi til greina, þ.e. hvaða starfsmönnum bjóðast starfslokasamningar og hverjum ekki?

Svar:

Vísað er til fyrra svars mannauðsdeildar um sama efni sem lagt var fram á fundi borgarráðs 20. júní 2019. Alls hefur verið komist að samkomulagi um fyrirkomulag starfsloka við 23 stjórnendur á árunum 2011-2018 sem fela í sér einhvern umfram rétt en þann sem kveðið er á um í ráðningasamningum og/eða kjarasamningum. Samkvæmt mati á fyrirliggjandi gögnum eru viðbótargreiðslur vegna þessara 23 samkomulaga sem gerð voru á árunum 2011- 2018 alls 100.431.322 kr. sem skiptast þannig á ár.

Tafla 2. Fjöldi og greiðslur eftir árum

Ár*	Fjöldi	Upphæð
2011	4	7.985.986 kr.
2012	3	11.110.732 kr.
2013	2	8.162.550 kr.
2014	3	13.793.363 kr.
2015	2	7.439.929 kr.
2016	2	12.534.605 kr.
2017	2	1.190.868 kr.
2018	5	38.213.289 kr.
Samtals	23	100.431.322 kr.

*Kostnaður vegna samkomulags er tiltekinn fyrir það ár sem starfslok hefjast.

Spurt er hvað skýri hækkun milli ára vegna fyrirkomulags um starfslok. Almennt skýrist hækkun á milli ára af fjölda og lengd fyrirkomulaga um starfslok. Kostnaður vegna samkomulags er tiltekinn fyrir það ár sem starfslok hefjast en dreifist á þann tíma sem fyrirkomulagið gildir. Dæmi: Ef að samið er um fyrirkomulag starfsloka í desember, færast heildarkostnaður vegna þess á það ár þrátt fyrir að greiðslur dreifist á lengra tímabil.

Eins og fram kemur í fyrra svari hafa kjarasamningar ekki að geyma ákvæði um gerð samkomulaga um starfslok. Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að veita eigi stjórnendum heimild, í kjarasamningum, til að semja um starfslok viðkomandi starfsmanna. Þrátt fyrir að kjarasamningar hafi ekki að geyma ákvæði um gerð samkomulaga um starfslok er ljóst að stjórnarsýslufrákvæmd er með þeim hætti að sveitarfélög semja um fyrirkomulag starfsloka starfsmanna sinna. Við gerð slíkra samkomulaga er Reykjavíkurborg bundin af meginreglum stjórnarsýsluréttar og ákvæðum kjarasamninga. Mannauðs- og

starfsumhverfissvið leggur mikla áherslu á að að unnið verði að verklagi með viðmiðum varðandi gerð slíkra samkomulaga. Sú vinna mun hefjast haustið 2019.

Lóa Birna Birgisdóttir

sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs